



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um innleiðingu á alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna, SRN17040776
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið / Elín Ósk Helgadóttir
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	6. desember 2017

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls

Á 94. þingi Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar (e. *International Labour Organization*) í Genf 6. til 23. febrúar 2006 var gengið frá alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna (e. *Maritime Labour Convention*) og var Ísland meðal þáttakenda á þinginu. Samþykktin felur í sér uppfærðar viðmiðanir alþjóðasamþykktar og alþjóðatilmæla um vinnuskilyrði farmanna auk grundvallarreglna sem er að finna í öðrum alþjóðavinnnumálasamþykktum.

2. Tilefni

Ísland var þáttakandi á 94. þingi Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar í febrúar 2006. Til þess að samþykktin geti tekið formlega gildi hvað Ísland varðar þarf að innleiða samþykktina í íslensk lög og fullgilda hana í kjölfarið.

3. Hvert er úrlausnarefnið?

Gera þarf viðeigandi breytingar á gildandi lögum og reglugerðum svo unnt sé að fullgilda samþykktina og þar með tryggja að farmenn njóti þeirra réttinda sem samþykktin kveður á um. Farmenn eru starfsmenn á farþega- og flutningaskipum. Samþykktin skiptist í fimm eftirfarandi kafla:

- I. Lágmarkskröfur sem farmenn þurfa að uppfylla til að mega vinna um borð í skipum.
- II. Skilyrði fyrir ráðningu.
- III. Vistarverur og tómsundaaðstaða. Fæði og þjónusta áhafna.
- IV. Heilsuvernd, læknishjálp, velferð og tryggingarvernd.
- V. Skyldur um framkvæmd og framfylgd.

Breytingar hafa verið gerðar á samþykktinni í tvígang árin 2014 og 2016.

Hver kafli samþykktarinnar inniheldur númeraðar reglur og hverri reglu fylgja viðmið (kvóði) í tveimur hlutum. Annars vegar A-hluta og hins vegar B-hluta viðmið. Þær reglur og þau viðmið sem fram koma í A-hluta eru skuldbindandi fyrir ríki en ekki reglur og viðmiðanir B-hluta. Þrátt fyrir það ber ríkjum skv. VI. kafla samþykktarinnar að íhuga alvarlega að innleiða skyldur sínar með þeim hætti sem kveðið er á um í B-hluta.

Í innleiðingarferlinu er gengið út frá því að innleiða reglur samþykktarinnar frá 2006 og viðmiðanir í A-hluta auk breytinga frá árunum 2014 og 2016. Um er að ræða nauðsynlegar lágmarksbreytingar.

4. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi lög eru að einhverju leyti í ósamræmi við samþykktina eða hafa ekki að geyma þær reglur sem samþykktin tekur til.

B. Markmið

1. Markmið hins opinbera á þessu sviði

Hið opinbera leitast við með laga- og reglusetningu að tryggja öllum starfsmönnum viðunandi vinnuskilyrði.

2. Tengsl við stefnu á málefnasviði og í málaflokki

Á ekki við.

3. Markmið sem að er stefnt í ljósi úrlausnarefnis

Að unnt verði að fullgilda samþykktina og þar með tryggja að farmenn hafi þau réttindi sem samþykktin kveður á um.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ísland var meðal þátttakenda á þingi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar þegar gengið var frá samþykktinni og gerði ekki athugasemdir við samningsniðurstöðuna. Það eitt hefur ekki í för með sér að Ísland eða íslensk stjórnvöld séu skuldbundin til þess að efna samninginn en felur í sér afdráttarlausa yfirlýsingu um vilja til þess.

Í samþykktinni eru t.a.m. ýmsar reglur sem lúta að hafnarríkisefirliti sem ekki er hægt að sinna sem skyldi án fullgildingar samþykktarinnar. En tilgangur hafnarríkisefirlits er m.a. að stemma stigu við siglingum skipa sem uppfylla ekki alþjóðakröfur um aðbúnað og öryggi farmanna.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna krefst breytinga á gildandi lögum svo unnt sé að fullgilda samþykktina. Því eiga önnur úrræði ekki við ef stefnt er að fullgildingu samþykktarinnar.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Leið A: Breyta gildandi lögum á sviðinu svo þau séu í samræmi við samþykktina þ.e. innleiða hana í íslenskan rétt.

Leið B: Skrifa heildstæð lög um samþykktina þ.e. lögleiða hana.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Það er mat samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að best fari á því að fara leið A og gera breytingar á gildandi lögum svo þau séu í samræmi við samþykktina svo unnt verði að fullgilda hana. Er það í takt við almenna venju um fullgildingu alþjóðasamþykktar/samninga þó leið B hafi einnig verið notuð hérlendis.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á núgildandi lögum og reglum

Við innleiðingu samþykktarinnar þarf að gera breytingar á sjómannalögum nr. 35/1985 og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001 auk þess sem breyta þarf gildandi reglugerðum á sviðinu. Þá þarf að gera breytingar á lögum sem heyra undir velferðarráðuneyti vegna ákvæða 4. kafla er lúta að heilbrigðismálum.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Ísland var þáttakandi þegar gengið var frá samþykktinni og hefur þar með lýst yfir vilja til að fullgilda samþykktina.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Farmenn og atvinnurekendur þeirra / útgerðarmenn.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Skörun er við velferðarráðuneytið sem fer með vinnumál og heilbrigðismál og utanríkisráðuneytið sem fer með utanríkismál skv. forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Samráð hefur verið haft við utanríkisráðuneytið þar sem um er að ræða fullgildingu alþjóðasamþykktar, skrifstofu lífskjara- og vinnuréttar og skrifstofu heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu og Samgöngustofu.

4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er samráð við hagsmunaaðila bæði samtök farmanna og atvinnurekenda þeirra / útgerðarmenn auk frekara samráðs við stjórnvöld.

Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt í opið umsagnarferli.

G. Frummat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Samantekt um það mat á áhrifum, sem þegar hefur farið fram, með vísun í fylgiskjöl

Frummat á áhrifum hefur farið fram.

2. Áform um ítarlegra mat á áhrifum eftir því sem við á

Ítarlegra mat á áhrifum mun fara fram samhliða vinnu við skrif frumvarpsins.

3. Liggur fyrir hvort fyrirhuguð lagasetning hefur mikil eða meðal áhrif á jafnrétti kynjanna?

Engin rök hníga í þá átt að lagasetningin hafi áhrif á stöðu kynjanna.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?

Verkefnisáætlun var gerð í júlí 2017 og er uppfærð eftir því sem verkefninu miðar áfram.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar?

Gert er ráð fyrir því að frumvarp til laga verði lagt fram á Alþingi vorið 2018.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Lagasetning er forsenda þess að unnt verði að fullgilda samþykktina.

4. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei.

I. Annað